



391


Sjá, nú rennur dagur af djúpi skær



1. Sjá, nú renn - ur dag - ur af djúp - i skær, dýrð - ar- leiftr - um
 2. Sæll ég teyg - a morg - uns - ins blíð - a blæ, bless - a allt sem
 3. Lof - a vil ég hann þeg - ar ljós mér skín, leit - a hans í
 4. Ó, að meg - a faðm - a þig, fagr - a stund, fagn - a nýrr - i



sól - in á jörð - u slær. Heyr, hve gleð - in óm - ar þótt
 þigg - ég og not - ið fæ. Guð - i syng ég lof fyr - ir
 traust - i þá birt - an dvín, lút - a björt - um vilj - a og
 sól eft - ir næt - ur - blund. Allt sem mér er kær - ast í



allt — sé hljótt: Und - ur ljóss - ins birt - ist og hverf - ur nótt.
 ljóss - ins gjöf, lífs og náð - ar orð yf - ir synd — og gröf.
 vald - i hans, von - a minn - a sól, fœð - ur kær - leik - ans.
 heim - i hér heil - ög kveðj - a morg - uns frá Guð - i er.

5. Ljómi ber af ljóma við himins hlið,
 himnesk dögur kemur með náð og frið,
 andvara þess morguns sem aldrei fer,
 upprisunnar birtu, minn Guð, frá þér.

6. Þótt mig reki stormar um húmgæð höf,
 hinst þó bíði nóttin við kalda gröf,
 lífsins Guð mér skýlir og heljar hjarn
 hlær sem döggr við sól því ég er hans barn.

7. Sjá, þá rennur dagur af djúpi nýr,
 dauðans nótt að eilífu burtu flýr.
 Ó, þann gleðisöng þegar sér vor önd
 sól Guðs standa kyrra við lífsins strönd.